

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 14. desember 2022 tvær deiliskipulagsbreytingar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Tjaldsvæði og íbúðarsvæði á Höfn í Hornafirði, göngustígur við Víkurbraut.

Helstu markmið breytingarinnar eru að auka öryggi gangandi vegfarenda með því að skilgreina gangstíg meðfram Víkurbraut milli Fiskhóls og Fálkaleiru.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. málslið 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Tjaldsvæði og íbúðarsvæði á Höfn í Hornafirði, Fiskhóll 11.

Helstu markmið breytingarinnar eru að heimila fjölgun íbúða á lóð nr. 11 við Fiskhól úr þremur í fjórar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 16. desember 2022.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2023